

Stjórnarfundur GHG 14. janúar 2014 kl. 17:15

Mættir voru: Sigrún, Ásta, Ólafur Ragnarsson, Auðunn, Össur, Morten Ottesen, Þorsteinn, Páll og Kristinn. Alfreð boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með athugasemdum frá formanni.
2. Rekstur GHG. Formaður opnar á umræðuna með hugmyndum sínum um að virkja félag og félagstarfið til enn frekari virkni. Það geti búið til ýmskonar sviðmyndir sem honum finnst að stjórn eigi að hanna og svo velja. Stjórn búi til áætlun með tímasetningum í huga. Orðið gefið laust.
 - Miklar og góðar umræður.
 - Stjórn telur að verði niðurstaðan að gera grundvallarbreytingar á núverandi rekstrarformi eigi þær ekki að taka gildi fyrr en að loknu næsta tímabili – á bilinu ágúst til október 2014.
 - Auðunn leggur til að stjórn gefi sér út febrúar að vinna í sviðsmyndum.
3. Kristinn sendi frá sér yfirlit til stjórnarmanna yfir samninga GHG 2013.
4. Erindi frá Einari Lyng. Hann býður fram sína starfskrafta. Formaður leggur það fyrir stjórn að hún skoði hvort /hvernig nefndir geti notfært sér hans krafta. Málinu vísað til afreksnefndar og útbreiðslu- og skemmtinefndar.
5. Jón Karlsson sendi GHG erindi um kennslu sem hann býður fram. Stjórn samþykkir að bíða með viðræður við Jón og hans fyrirtæki þangað til að búið er að ræða við Einar Lyng.
6. Bandaríkjaferð B&U 2014. Ritari vék af fundi vegna hlutleysisreglna, ásamt formanni kvennanefndar. Formaður bar fram tillögu um að Páll Sveinsson væri skipaður farastjóri USA ferðar 2014. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
7. Össur lagði fram erindi um áhyggjur af klaka sem liggur sumstaðar á vellinum. Menn hafa áhyggjur af því hvort sumstaðar geti orðið kalskemmdir. Kristinn segir frá því að hann ásamt vallarstjóra hafa skoðað völlinn, rætt málið og metið að ekki þurfi að hafa áhyggjur af klakanum fyrr en komið er fram í febrúar.
8. Golfstöðin leitar eftir samningum, Kristni falið að kanna þá og ganga til samninga með sambærilegum hætti og gert var við Skjá Golf.
9. Næsti fundur ákveðinn 29. janúar kl. 17:15.
10. Páll spyr um þorablót. Ásta segir að útbreiðslu- og skemmtinefnd taki það upp á sína arma.
11. Bréf frá Gunnari Marel til stjórnar. Samþykkt að Auðunn taki að sér að kanna forsendur og allar hliðar málsins og leggja málið fyrir stjórn að því loknu.

Fundi slitið kl. 19:05

PS